



## KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ  
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 26. nóvember 2012

### Breytingar á reglugerðum KSÍ

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 22. nóvember 2012, breytingar á reglugerðum KSÍ sem taka gildi nú þegar.

#### Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

##### Meistarakeppni karla

Var: 23.3.2. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.

Verður: 23.3.2. *Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal fara fram vítaspyrnukeppni til að ákvarða sigurvegara.*

##### Meistarakeppni kvenna

Var: 32.3.2. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.

Verður: 32.3.2. *Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal fara fram vítaspyrnukeppni til að ákvarða sigurvegara.*

Greinargerð: Með breytingunni er framlenging í úrslitaleikjum meistarakeppni karla og kvenna tekin út. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma er farið beint í vítaspyrnukeppni.

## Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

### 9.gr. Leikskýrsla

#### Var:

- 9.1. Leikskýrsla skal gerð á vef KSÍ en til vara á eyðublöðum útgefnum af KSÍ og skal farið að leiðbeiningum KSÍ.
- 9.2. Í keppni 11 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu. Í Pepsi-deild, 1. deild karla, 2. deild karla, bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki (aðalkeppni) og meistarakeppni KSÍ, mega varamenn þó vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu. Ef leikskýrsla er gerð á eyðublaði útgefnu af KSÍ, skal tilgreina kennitölu leikmanna og forráðamanna á leikskýrsluna.
- 9.3. Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðsstjórnar. Númer hvers og eins leikmanns skal tilgreint á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi. Í keppni 11 manna liða skal leikmaður bera númer 1 til 30. Félagi er þó heimilt að nota opið númerakerfi í yngri aldursflokkum, og skulu þá númerin vera frá 1 til 99, en í slíku kerfi er æskilegt að hvert númer sé tengt tilteknum leikmanni.
- 9.4. Leikmenn sem leika í Pepsi-deild eða 1. deild karla eða Pepsi-deild kvenna skulu hafa sama númer í öllum leikjum í deildinni og einnig þegar þeir taka þátt í bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki. Hvert númer (1-30) skal aðeins úthlutað einum leikmanni á sama keppnistímabili. Þurfi félag að nota fleiri leikmenn en 30 skal nýr leikmaður bera númer 31, sá næsti 32 o.s.frv. Félög í viðkomandi deildum skulu tilkynna KSÍ um númer leikmanna fyrir 1. maí ár hvert. Leikmenn skulu skráðir þannig á leikskýrslu að fyrst skal skrá markvörð og síðan í númeraröð aðra leikmenn sem hefja leik. Varamarkvörður skal skráður fyrstur í hópi varamanna og síðan aðrir í númeraröð.
- 9.5. Að leik loknum gengur dómari frá leikskýrslu og skal hann rita á skýrsluna hverjir hafi gerst brotlegir skv. agareglum KSÍ. Þá skal hann staðfesta úrslit leiks með sms-skeyti til KSÍ skv. nánari leiðbeiningum framkvæmdastjóra KSÍ þar um. Í meistaraflokki og öðrum þeim leikjum þar sem dómari er tilnefndur af KSÍ skal dómari sjá um skýrsluskil en heimalið í öðrum leikjum. Leikskýrsluna skal setja í póst eigi síðar en næsta virka dag eftir leik eða henni komið þann dag á skrifstofu KSÍ.

#### Verður:

- 9.1. Leikskýrsla skal gerð á vef KSÍ en til vara á eyðublöðum útgefnum af KSÍ og skal farið að leiðbeiningum KSÍ.
- 9.2. Í keppni 11 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu sem og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í meistaraflokki mega varamenn þó vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Á leiksskýrsluna skal tilgreina kennitölu leikmanna og forráðamanna (fæðingardag í tilfelli útlendinga).
- 9.3. Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðsstjórnar. Númer hvers og eins leikmanns skal tilgreint á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi. Í keppni 11 manna liða skal leikmaður bera númer 1 til 30. Félagi er þó heimilt að nota opið númerakerfi í yngri aldursflokkum, og skulu þá númerin vera frá 1

til 99, en í slíku kerfi er æskilegt að hvert númer sé tengt tilteknum leikmanni. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu, en þó skal markvörður/markverðir skráðir fyrstir.

- 9.4. Leikmenn sem leika í Pepsi-deild eða 1. deild karla eða Pepsi-deild kvenna skulu hafa sama númer í öllum leikjum í deildinni og einnig þegar þeir taka þátt í bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki. Hvert númer (1-30) skal aðeins úthlutað einum leikmanni. ~~á sama keppnistímabili.~~ Þurfi félag að nota fleiri leikmenn en 30 skal nýr leikmaður bera númer 31, sá næsti 32 o.s.frv. Félög í viðkomandi deildum skulu tilkynna KSÍ um númer leikmanna fyrir 1. maí ár hvert.
- 9.5. Að leik loknum gengur dómari frá leikskýrslu og skráir hana í gagnagrunn KSÍ. Hann skal skrá allar nauðsynlegar upplýsingar á skýrsluna skv. fyrirmælum KSÍ sem og hverjir hafi gerst brotlegir skv. agareglum KSÍ. Í meistaraflokki og öðrum þeim leikjum þar sem dómari er tilnefndur af KSÍ skal dómari sjá um skýrsluskil en heimalið í öðrum leikjum. Leikskýrsluna skal setja í póst eigi síðar en næsta virka dag eftir leik eða henni skilað skv. fyrirmælum KSÍ.

Greinargerð: Með breytingunum á ákvæði greinar 9 í reglugerðinni er í raun verið að gera nokkrar veigamiklar breytingar.

Í fyrsta lagi er sú breyting gerð að framvegis mega vera 7 varamenn og 7 menn í liðsstjórn í leikjum meistaraflokka í öllum keppnum, þ.e. öllum deildum Íslandsmóts meistaraflokks, í bikarkeppni KSÍ hjá meistaraflokki og Meistarakeppni KSÍ. Áður var aðeins heimilt að vera með 7 varamenn og 7 menn í liðsstjórn í tilteknum mótum meistaraflokks en með breytingunni eru málin einfölduð og 7 varamenn og 7 liðsstjórnarmenn heimilaðir í öllum keppnum meistaraflokks.

Í öðru lagi skal nú úthluta hverju númeri í fastnúmerkerfi (númer 1-30) einum leikmanni en fellt er út ákvæði um að það sé á sama keppnistímabili. Þetta þýðir að ef leikmaður liðs með tiltekið númer fer í annað félag má fyrrverandi félag hans úthluta númerinu aftur á sama tímabili.

Í þriðja lagi er um umtalsverða breytingu að ræða varðandi skil á skýrslum. Að loknum leik þar sem KSÍ úthlutar dómara skulu dómara hér eftir skrá skýrsluna í gagnagrunn KSÍ strax að leik loknum og er það lokastaðfesting á skýrslunni. M.o.ö. þá munu dómara framvegis staðfesta leikskýrslu á þeim leikjum sem KSÍ úthlutar dómurum. **Þetta þýðir að félög þurfa að tryggja að í búningsherbergjum dómara séu nettengdar tölvur þannig að dómara geti staðfest skýrsluna á leikdag.** Þetta fyrirkomulag mun auðvelda alla skýrsluskráningu auk þess sem tryggt verður að upplýsingar um leiki, úrslit, skiptingar, gul og rauð spjöld, verða komin inn í gagnagrunn strax að leik loknum.

## Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

### 13.gr. Þáttökuréttur

#### Grein 13.4. – Var

13.4. Þáttökutilkynningar í landsmótum skulu berast skrifstofu KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir 20. janúar. Félög sem rétt eiga til þátttöku í landsdeildum meistaraflokks skulu þó staðfesta þátttöku sína þar með formlegum hætti fyrir 1. nóvember árið áður. Þáttökutilkynningar verða ekki teknar til greina nema með fylgi helmingur þáttökugjalda, helmingur heildargjalds vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara- og aðstoðardómara vegna leikja í deildakeppni (ef við á) og ógreiddar skuldir fyrra árs. Eftirstöðvar þessara gjalda skal inna af hendi eigi síðar en 30. apríl sama ár ella hefur þáttökutilkynningin ekki verið staðfest.

#### **Grein 13.4. – Verður**

13.4. Þátttökutilkynningar í landsmótum skulu berast skrifstofu KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir 20. janúar. Félög sem rétt eiga til þátttöku í landsdeildum meistaraflokks skulu þó staðfesta þátttöku sína þar með formlegum hætti fyrir 1. nóvember árið áður. Þátttökutilkynningar verða ekki teknar til greina nema **nauðsynlegar upplýsingar fylgi skv. reglugerðum KSÍ og fyrirmælum mótanefndar**, sem og helmingur þátttökugjalda, helmingur heildargjalds vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara- og aðstoðardómara vegna leikja í deildakeppni (ef við á) og ógreiddar skuldir fyrra árs. Eftirstöðvar þessara gjalda skal inna af hendi eigi síðar en 30. apríl sama ár ella hefur þátttökutilkynningin ekki verið staðfest.

Greinargerð: Með þessari breytingu verður félögum gert skylt að skila inn auknum upplýsingum með þátttökutilkynningum. Sérstaklega munu félög sem eru að skrá sig til leiks í fyrsta skipti eða eftir langa fjarveru frá mótum gert skylt að skila inn viðbótarupplýsingum skv. fyrirmælum mótanefndar KSÍ. Breyting verður gerð á eyðublaði þátttökutilkynningar og nánari upplýsingar munu fylgja eyðublaðinu.

#### **Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga**

3.6 (**Bráðabirgðaákvæði fyrir keppnistímabilið 2013**). Leikmaður sem er handhafi keppnisleyfis sem tekur gildi 21. febrúar 2013 hefur heimild til að taka þátt í deildarbikarkeppni KSÍ (Lengjubikarnum) með nýja félaginu frá og með þeim degi er keppnisleyfið er gefið út.

Greinargerð: Hefðbundið bráðabirgðaákvæði sem heimilar leikmönnum sem fá keppnisleyfi 21. febrúar 2013 að taka þátt í Lengjubikarnum með nýja félaginu.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur



Þórir Hákonarson  
framkvæmdastjóri KSÍ